

Samfélags- og náttúrufræði 2. bekkur

Kennari: Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir og Kolbrún Hjörleifsdóttir

Almennt um kennsluna

Sex tímar í samfélags- og náttúrufræði á viku í samkenndu.

Hæfniviðmiðin eru sett fram í þremur þáttum; reynsluheimur, hugarheimur og félagsheimur.

Við lok skólaárs geta nemendur:

Reynsluheimur

- Borið kennsl á gildi er varða virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.
- Lýst samhengi orða, athafna og afleiðingu.
- Bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi.
- Geti gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar umgengni.
- Sagt frá völdum tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar og hvernig hún birtist í munum og minningum.

Hugarheimur

- Geti sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, fyrirmyndum, siðum og venjum.
- Geri sér grein fyrir neikvæðum og jákvæðum áreitum í umhverfinu sem þarf að lýsa og gera grein fyrir og jafngildi bæði sínu og annarra.

Félagsheimur

Taki þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi, virt og greint ólíkar skoðanir.

- Geti áttað sig á ólíkum fjölskylduformum, bakgrunni og mismunandi lífsviðhorfum.
- Átti sig á gildum jafnréttis í daglegum samskiptum, sýni tillitssemi og samvinnu.

Skipulag kennslu

Kennsluaðferðir: innlagnir, umræður, lesið spurt og spjallað, myndbönd vettvangsferðir, leikir og sköpun í máli og myndum.

Námsgögn: Halló heimur 1 og 2. Þemaverkefni eftir árstíðum sem fléttuð eru við hæfniviðmið og nærumhverfi skólans nýtt til þáttöku og vinnslu.

Námsmat

Námsmatið byggir á leiðsagnarmati og símati á verkefnum og vinnubrögðum. Umsögn.